

Orðmyndun V

Atviksorð og sagnorð

1. Mörg atviksorð eru stirðnaðar fallmyndir ýmissa fallorða. Oftast er um að ræða eignarfall en stundum þágufall. Eignarfallsmyndirnar eru oft upprunalega samsett orð. Einnig er viðskeytið *-is* virkt í myndun atviksorða.

Þágufall: bráðum, fyrrum, hástöfum, löngum, næstum, stundum

Eignarfall: alls, alls staðar, annars, innanlands, loks(ins), neðanjarðar, reyndar, samtals, utanbókar

Viðskeytið *-is*: erlendis, framvegis, jafnfætis, margsinnis, samstundis, samtímis, tvívegis, útbyrðis

Verkefni

a) Finnið samheiti í stað yfirstrikuðu orðanna.

bráðum – fyrrum – hástöfum – löngum – næstum – stundum

Barnið grét mjög hátt _____.

Það fer bráðlega _____ að snjóa.

Hann hefur oftast _____ verið duglegur að læra.

Berklar voru algengir á Íslandi áður fyrr _____.

Hún var nærri _____ dottin niður stigann.

Hann fer af og til _____ í heimsókn til ömmu sinnar.

b) Fyllið í eyðurnar.

alls – annars – innanlands – loksins – reyndar – samtals – utanbókar

Ég flýg oft _____, aðallega frá Reykjavík til Akureyrar.

Ég lærði ljóðið _____.

Ég borgaði _____ / _____ 20 000 kr. fyrir vöruna.

Hefur þú hitt Jón? Nei, ég hef _____ aldrei hitt hann.

Það er oft kalt á Íslandi, _____ er ágætt að búa hér.

_____ kemurðu! Ég er búinn að bíða svo lengi!

c) Fyllið í eyðurnar.

erlendis – framvegis – jafnfætis – margsinnis – samstundis – samtímis

Margir Íslendingar læra við háskóla í ~~útlöndum~~ _____.

Karlar og konur standa ekki alltaf ~~jafnt að vigi~~ _____.

Ég hef ~~oft~~ _____ sagt þetta.

Sumum finnst erfitt að gera fleiri en einn hlut ~~á sama tíma~~ _____.

Komdu hingað ~~strax~~ _____! Ég þarf nauðsynlega að tala við þig!

Fyrirgefðu, ég skal muna þetta ~~hér eftir~~ _____.

2. Hvorugkynsmynd lýsingarorða gegnir í mörgum tilvikum hlutverki atviksorðs:

auðvitað – meðvitað – langt – seint – hátt – skýrt

Verkefni

a) Fyllið í eyðurnar.

auðvitað – meðvitað – langt – seint

Ég var syfjuð í morgun enda vakti ég _____ fram á nótt.

Kennarinn hjálpar _____ nemendum sínum ef þeir þurfa aðstoð.

Hann fer alltaf of _____ að sofa.

Þetta var ekki _____ hjá mér, ég gerði þetta óvart!

b) Atviksorð eða lýsingarorð?

Stelpan talaði hátt og skýrt. _____

Þetta svar er mjög skýrt. _____

Tréð í garðinum er orðið of hátt. _____

Farðu ekki svona langt! _____

Strákurinn teiknaði langt strik á blaðið. _____

3. Algengt er að lýsingarorðum sem mynduð eru með viðskeytinu *-legur* sé breytt í atviksorð með því að setja endinguna *-a* í staðinn fyrir *-ur*. Þá verður merkingin á þann hátt sem lýsingarorðið lýsir:

skemmtilegur > skemmtilega, leiðinlegur > leiðinlega, glaðlegur > glaðlega,

ótrúlegur > ótrúlega, illilegur > illilega, hæðnislegur > hæðnislega

Verkefni

Fyllið í eyðurnar.

Hann leit á mig, illilegur á svipinn.

➤ Hann leit _____ á mig.

Hann leit á mig með hæðnislegu glotti.

➤ Hann leit á mig og glotti _____.

Mér finnst leiðinlegt að ganga upp þetta fjall af því að það er svo bratt.

➤ Mér finnst þetta fjall svo _____ bratt.

Það er ótrúlegt hvað þessi saga er myndin.

➤ Þessi saga er _____ myndin.

Það er skemmtilegt hvað sumir eru skrítnir.

➤ Sumir eru _____ skrítnir.

Tvö viðskeyti sem mynda sagnorð

Hér á eftir fara tvö viðskeyti, *-na* og *-ka*, sem eru ekki lengur virk í málinu en þau má sjá í allmörgum sagnorðum sem eru leidd af lýsingarorðum.

1. Viðskeytið *-na* myndaði áhrifslausar sagnir (sagnir sem taka ekki með sér andlag), einkum af lýsingarorðum: *blána* ‘verða blár’.

Verkefni

Finnið orðin sem liggja eftirfarandi orðum til grundvallar:

bráðna _____	dofna _____	dökkna _____
fitna _____	fúlna _____	fölna _____
glaðna _____	grána _____	gulna _____
harðna _____	hitna _____	hljóðna _____
hlýna _____	hvítna _____	kólna _____
roðna _____	rýrna _____	sárna _____
skána _____	slakna _____	sortna _____
stífna _____	versna _____	þykkna _____

2. Viðskeytið *-ka* gegnir svipuðu hlutverki og *-na* nema hvað sumar þessara sagna geta líka verið áhrifssagnir: *seinka* ‘verða seinni’ eða ‘gera seinan’.

Verkefni

Finnið orðin sem liggja eftirfarandi orðum til grundvallar:

fækka _____ grynna _____ grænna _____

hækka _____ lækka _____ minna _____

mjókka _____ óhreina _____ síkka _____

seinka _____ stækka _____ víkka _____